



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
Borgartún 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. maí 2026
USK26050017

Erindi: Laugarnes - Nýjar borholur við Engjateig, Lágmúla og Bolholt - Umsagnarbeiðni - Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

Reykjavíkurborg hefur farið yfir matsskyldufyrirspurn Veitna vegna fyrirhugaðrar borunar á allt að sjö vinnsluholum í Laugarnesi, við Lágmúla, Bolholt og Engjateig.

Samkvæmt greinargerð felst framkvæmdin í borun allt að sjö hola, gerð borplana og uppsetningu borbúnaðar á afmörkuðum reitum innan þéttbýlis. Framkvæmdatími hvernar holu er áætlaður um 12 vikur og felur í sér tímabundið rask og aukna umferð tækja. Umhverfi framkvæmdasvæðanna einkennist af manngerðu umhverfi þar sem fyrir eru byggingar, vegir og önnur mannvirki.

Gerð er grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, tilgangi hennar, helstu umhverfisþáttum og væntanlegum umhverfisáhrifum, auk fyrirhugaðra mótvægisaðgerða og vöktunar. Einnig er fjallað um samræmi framkvæmdarinnar við gildandi skipulag og þau leyfi sem framkvæmdin er háð.

Reykjavíkurborg telur að nánar þurfi að skýra hvort fyrirhugaðar nýjar vinnsluholur hafi áhrif á nýtingu á aðliggjandi lóðir.

Áhrif á nærumhverfi – LAUG-1

Fyrir liggur samkomulag milli Veitna og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu á lóð við Lágmúla 2. Skilgreint athafnasvæði borholu R-15 hefur áhrif á lóðir við Lágmúla 2 og 4. Ef að ný vinnsluhola verður staðsett vestan megin við núverandi borholu telur Reykjavíkurborg mikilvægt að fyrir liggi skýr skilgreining á nýju athafnasvæði, þar sem það mun hafa áhrif á nýtingu og skipulag nærliggjandi lóða.

Vinna við skipulagsgerð fyrir Lágmúla 2 er í fullum gangi og því er mikilvægt að samráð sé, þannig að allar forsendur og takmarkanir sem kunna að fylgja borun og rekstri holu verði skýrt afmarkaðar og liggi fyrir við mótun skipulags.

Leyfi

Reykjavíkurborg bendir á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi borgarinnar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Allar framkvæmdir sem nýta borgarland eru háðar afnotaleyfi, auk þess sem hún þarf að vera í samræmi við gildandi skipulag og mögulegar deiliskipulagsbreytingar eftir því sem við á.

Matsskylda

Að mati Reykjavíkurborgar leiða framangreind atriði ekki til þeirrar niðurstöðu að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Hins vegar leggur borgin ríka áherslu á gott samráð og að metið verði hvort og þá hvaða áhrif færsla á borholu getur haft á aðliggjandi lóðir og þá sértaklega lóðina við Lágmúla 2.



Reykjavík



F.h. umhverfis- og skipulagssviðs
Helga Rún Guðmundsdóttir



Reykjavík